# *Nr. 027 / 09 Birta SH 13*

## *Vélarvana og dregin til hafnar*



Birta ©Hilmar Snorrason

*Skipaskr.nr.* 1927
*Smíðaður:* Garðabæ 1988, stál
*Stærð:* 21,7 brl. 44 bt.
*Mesta lengd:* 16,85 m *Skráð lengd:* 14,94 m
*Breidd:* 3,8 m *Dýpt:* 2,73 m
*Vél:* Cummins 248 kW, 1988
*Fjöldi skipverja:* 4

***Gögn:***
*Gögn RNS*

*Málið afgreitt á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 7. mars 2009 var Birta SH 13 á siglingu á Breiðafirði um 2 sml NA af Rifi. Veður: NA 10-12 m/s.

Á siglingunni stöðvaðist vélin og þegar að var gáð reyndist olíudælan ekki ná olíu úr olíutanknum. Skipstjórinn hafði samband við björgunarskipið Björgu sem kom og dró bátinn til Rifshafnar.

### ***Við rannsókn kom fram:***

- að það voru um 300 ltr. af olíu á olíutanknum (botntanki) en úrtakið er um 20 sm fyrir ofan botn hans. Þetta fyrirkomulag virtist koma mönnum um borð á óvart;
- að olíutankarnir eru tveir og taka saman 2200 ltr.;
- að talið er að vegna olíuleysisins hafi lofttappi komist í olíulögnina;
- að báturinn var talsvert lestaður af veiðarfærum og með óhagstæðan stafnhalla að mati skipstjóra.

### ***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.